

**AUGLÝSING**  
**um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði,**  
**nr. 1026/2007, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

*Vesturlandsprófastsdæmi:*

- a. Hvanneyrar- og Reykholtsprestaköll sameinist í eitt prestakall, Reykholtsprestakall.
- b. Gilsbakka- og Reykholtssóknir í Reykholtsprestakalli sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Reykholtssókn.
- c. Dagverðarness- og Staðarfellssóknir í Dalaprestakalli sameinist. Heiti hinnar nýju sóknar verði Staðarfellssókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi með eftirfarandi hætti: Ákvæði a-liðar 1. gr. gildir frá birtingu en ákvæði b- og c-liðar 1. gr. gildir frá 30. nóvember 2020.

*Reykjavík, 11. nóvember 2020.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings.

---

B-deild – Útgáfud.: 26. nóvember 2020